

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: [www.umbodsmadur.is](http://www.umbodsmadur.is)

Mál nr. 9919/2018

Reykjavík, 27. mars 2019

Félag atvinnurekenda  
Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík

Ég tel rétt að upplýsa að ég hef í dag ritað heilbrigðisráðuneytinu bréf það sem hér fylgir með í ljósriti.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson



# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

# LJÓSRIT

Mál nr. 9919/2018

Reykjavík, 27. mars 2019

Heilbrigðisráðuneytið  
Svandís Svavarsdóttir, ráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Til mín hefur leitað Guðný Hjaltadóttir lögfræðingur og borið fram kvörtun fyrir hönd Félags atvinnurekenda vegna gjaldtökuákvæðis 8. gr. reglugerðar nr. 803/2018, um tilkynningar til Neytendastofu um markaðssetningu rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín. Í kvörtuninni kemur meðal annars fram að það sé mat félagsins að gjaldtakan feli í sér ólögmeta skattheimtu. Telur félagið að gjaldtökuákvæði reglugerðarinnar brjóti í bága við meginreglu stjórnisýsluréttar um að eftirlitsgjald verði eingöngu nýtt til að standa straum af þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að framkvæma eftirlitsaðgerðir sem gjaldtökuheimildin nær til.

Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, segir að framleiðendum og innflytjendum rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín, sem hyggjast setja rafrettur eða áfyllingar á markað hér á landi, skuli senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt sex mánuðum áður en markaðssetning er fyrirhuguð, sbr. og 3. gr. reglugerðar nr. 803/2018, um tilkynningar til Neytendastofu um markaðssetningu rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín. Í 2. mgr. 14. gr. laganna kemur fram að ráðherra sé heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um tilkynningu samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur ráðherra sett framangreinda reglugerð nr. 803/2018. Í 4. gr. reglugerðarinnar kemur meðal annars fram að framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga sem innihalda nikótín skuli leggja fram tilkynningu til Neytendastofu um allar slíkar vörur sem þeir hyggjast setja á markað.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 87/2018 er Neytendastofu heimilt að taka gjald fyrir móttöku tilkynninga, sbr. 2. mgr., til að standa undir kostnaði við móttöku þeirra og geymslu, meðhöndlun og greiningu upplýsinga sem hún tekur við. Í 8. gr. reglugerðarinnar kemur meðal annars fram að Neytendastofa taki gjald fyrir tilkynningu samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar að fjárhæð 75.000 kr. og að stofnunin annist sjálf innheimtu gjaldsins. Þá kemur einnig fram að tilkynning verði ekki tekin til meðferðar fyrr en gjaldið hafi verið greitt og að gjaldið renni til Neytendastofu.

Í tilefni af framangreindri kvörtun er þess óskað, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að heilbrigðisráðuneytið, lýsi viðhorfi sínu til kvörtunarinnar. Þá er sérstaklega óskað eftir því að mér verði veittar upplýsingar og skýringar á eftirfarandi atriðum:


1. Þess er óskað að heilbrigðisráðuneytið veiti mér upplýsingar um hvaða kostnaðarliðir liggja framangreindu gjaldi til grundvallar og skýri hvernig þeir standa í nánum og beinum efnislegum tengslum við veitingu þeirrar sérstöku þjónustu sem því er ætlað að standa undir. Jafnframt óska ég þess að mér verði látnir í té þeir útreikningar sem liggja fyrir og voru grundvöllur fjárhæðar einstakra kostnaðarliða, og þá með tilliti til þeirra almennu reglna sem að stjórnarsýslurétti eru taldar gilda um þjónustugjöld. Hef ég þá í huga að ákvörðun fjárhæðar þjónustugjalda verður að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita þá þjónustu sem gjaldheimildin nær til.
2. Af bréfaskiptum ráðuneytisins við Félag atvinnurekenda, sbr. bréf þess til félagsins, dags. 21. desember og 19. febrúar sl., fæ ég ekki betur séð en að kostnaðargreining vegna gjaldsins hafi verið unnin af hálfu Neytendastofu. Þess er óskað að heilbrigðisráðuneytið veiti mér upplýsingar um hvort og þá hvaða upplýsingar um kostnað einstakra rekstrarþátta hafi legið fyrir í ráðuneytinu þegar reglugerð nr. 803/2018 var staðfest. Hafi ráðuneytið ekki haft undir hönum upplýsingar um kostnað einstakra rekstrarþátta og útreikninga þá sem lágu til grundvallar tillögum Neytendastofu óska ég afstöðu ráðuneytisins til þess hvort og þá hvernig ráðuneytið telji sig hafa reist ákvörðun sína með að staðfesta fjárhæð gjaldsins með setningu reglugerðar nr. 803/2018 á fullnægjandi grundvelli og almennum reglum stjórnarsýsluréttar um gjaldtöku hins opinbera. Sjá í þessu sambandi til hliðsjónar m.a. álit setts umboðsmanns Alþingis frá 29. apríl 2011 í máli nr. 5796/2009.
3. Að lokum er þess óskað að nánari upplýsingar og skýringar verði veittar á greiðslufyrirkomulagi tilkynninga. Í 1. mgr. 14. gr.

laga nr. 87/2018 segir eins og áður greinir að framleiðendum og innflytjendum rafrettna og áfyllinga fyrir þær sem innihalda nikótín og hyggjast setja á markað hér á landi skuli senda Neytendastofu tilkynningu um slíkt. Í reglugerðinni segir hins vegar að framleiðendur og innflytjendur rafrettna og áfyllinga sem innihalda nikótín skuli leggja fram tilkynningu til Neytendastofu um „allar slíkar vörur“ sem þeir hyggjast setja á markað. Þess er óskað að nánari skýringar verði veittar á því hvort í framangreindu lagaákvæði felist að hver framleiðandi eða innflytjandi skuli greiða gjald að fjárhæð 75.000 kr. burtséð frá því hve margar tegundir af rafrettum eða áfyllingarvökva hann hyggist setja á markað eða hvort í þessu felist að greiða þurfi gjald að fjárhæð 75.000 kr. annars vegar fyrir hverja tegund rafrettu og hins vegar fyrir hverja áfyllingartegund sem hann hyggist setja á markað.

Auk framangreinds er þess óskað að heilbrigðisráðuneytið sendi mér afrit af öllum fyrirliggjandi gögnum málsins hjá ráðuneytinu, þar á meðal tilvitnaðan rökstuðning Neytendastofu fyrir gjaldinu sem ráðuneytið vísar til í bréfi þess til Félags atvinnurekenda hinn 19. febrúar sl.

Ég óska eftir því að mér verði send svör ráðuneytisins eigi síðar en 24. apríl nk.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson

